

Línuhönnun hf
Ólafur Árnason
Suðurlandsbraut 4
108 REYKJAVÍK

2005020064
8717; 9310

Reykjavík, 30. september 2005
/--

Efni: Efnistaka úr Ingólfsfjalli í Sveitarfélaginu Ölfusi. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Fossvéla ehf. að matsáætlun um efnistöku úr Ingólfsfjalli í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Línuhönnunar verkfræðistofu dags. 8. ágúst 2005 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Fossvélar ehf. Efnistaka úr Ingólfsfjalli í landi Kjarrs, Ölfusi. Línuhönnun verkfræðistofa. Ágúst 2005.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Sveitarfélaginu Árborg, Sveitarfélaginu Ölfusi, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Sveitarfélaginu Árborg með bréfi dags. 31. ágúst 2005, Sveitarfélaginu Ölfusi með tölvupósti dags. 5. september 2005, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfum dags. 15. ágúst og 24. september 2005 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 31. ágúst og 14. september 2005. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum/tölvupósti dags. 29. ágúst, 1. og 28. september 2005. Afrit af áliti Fornleifaverndar ríkisins barst með bréfi mótteknu 9. ágúst 2005. Athugasemdir bárust frá Bjarna Harðarsyni með tölvupósti dags. 22. ágúst 2005 og Guðmundi Kristinssyni með bréfi dags. 19. ágúst 2005.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir

framlagða tillögu Fossvéla ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum framkvæmdaraðila dags. 29. ágúst, 1. og 28. september 2005 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í köflum 1.1 og 2.2.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fyrirhugaða framkvæmd. Þar kemur m.a. fram að í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu efnistöku uppi á Ingólfsfjalli, dags. 17. maí 2005 hafi 2. áfangi fyrirhugaðrar efnistöku, allt að 2.000.000 m³ á 35.000 m² svæði verið háður mati á umhverfisáhrifum. Fram kemur í kafla 1.1 í tillögunni að samkvæmt fyrrnefndri ákvörðun Skipulagsstofnunar sé nú 2. áfangi kynntur til mats á umhverfisáhrifum.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu 1. og 2. áfanga var 45.000 m³ efnistaka á um 10.000 m² svæði skv. 1. áfanga ekki talin háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun bendir á að stærð efnistökusvæðis 2. áfanga skv. framlögðum gögnum framkvæmdaraðila við matsskyldumálsmeðferð var 25.000 m². Því er framkvæmdaraðili í tillögu að matsáætlun ekki eingöngu að kynna þá framkvæmd sem Skipulagsstofnun ákvarðaði að væri matsskyld, þ.e. efnistöku skv. 2. áfanga á 25.000 m² svæði, heldur efnistöku á svæði sem tekur bæði til efnistökusvæða skv. 1. og 2. áfanga. Í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir að annars vegar sé um að ræða efnistöku af óröskuðu svæði skv. 2. áfanga og hins vegar frekari efnistöku af svæði skv. 1. áfanga, sbr. það sem fram kemur hér að ofan.

Skipulagsstofnun bendir á að í tillögu að matsáætlun kemur ekki fram hver verði vinnslutilhögun við tilfærslu efnis ofan af Ingólfsfjalli að öðru leyti en að í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að reiknað sé með að 2 rásir verði notaðar mest allan vinnslutímamann. Í ljósi fyrirhugaðs efnistökmagns og þess að fyrirhuguð efnistaka á að standa yfir í allt að 15 ár þarf í matsskýrslu að gera nákvæma grein fyrir hversu miklu efnismagni sé áætlað að ýtt verði niður hvora rás/geil/rennu fyrir sig og áætluð tímabil notkunar hvorrar rásar fyrir sig.

Í kafla 2.2.3 í tillögu að matsáætlun og svörum framkvæmdaraðila við umsögnum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er fjallað um vinnsluáætlun, áfangaskiptingu og frágang. Í matsskýrslu þarf að koma fram áætlaður fjöldi framkvæmdaáfanga, efnismagn innan hvers áfanga og hvernig staðið verður að efnisnámi, frágangi og landmótun viðkomandi framkvæmdaáfanga innan heildarefnistökusvæðisins með hliðsjón af fullnýtingu og frágangi alls svæðisins. Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 29. ágúst sl., kemur fram að í matsskýrslu verði miðað við að lýsa áhrifum af hámarksvinnslu, þ.e. um 2.000.000 m³. Í matsskýrslu þarf í samræmi við þetta að miða umfjöllun við efnistöku allt að 2.000.000 m³ í stað þess að tala um efnistöku milli 1.000.000 og 2.000.000 m³ og þarf áfangaskipting að taka mið af því.

Framkvæmdasvæði og kostir

Í köflum 1.1 og 3.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað stuttlega um fyrri efnistöku bæði í Þórustaðanámu og uppi á Ingólfsfjalli. Í matsskýrslu þarf að gera nánari grein fyrir Þórustaðanámu, m.a. heildarstærð hennar og því efnismagni sem áætlað er að hafi verið tekið úr henni. Þá telur Skipulagsstofnun eðlilegt að í matsskýrslu verði gerð grein fyrir fyrirætlunum um frágang námunnar og umhverfi hennar, sbr. umsögn Sveitarfélagsins

Árborgar dags. 31. ágúst 2005, sbr. einnig greinargerð framkvæmdaraðila sem fylgdi tilkynningu um matsskyldu dags. 30. mars 2005 og svör framkvæmdaraðila í matsskylduferli við umsögn Umhverfisstofnunar dags. 22. apríl 2005. Í umræddum málgögnum kemur fram að framkvæmdaraðili fyrirhugi að endurheimta svokallaðan grenndargróður austan og vestan Þórustaðanámu til að draga úr sjónrænum áhrifum efnistökusvæðisins og að varðandi lagfæringu núverandi efnistökusvæðis í Þórustaðanámu lýsi framkvæmdaraðili sig reiðubúinn að hefja frágang þess svæðis að vinnslu lokinni í samráði við hlutaðeigandi aðila, s.s. Sveitarfélagið Ölfus. Í þessu sambandi telur Skipulagsstofnun að í matsskýrslu sé eðlilegt að sýna hugmyndir um frágang núverandi námu í hlíðum Ingólfsfjalls á myndrænan hátt, auk umfjöllunar í texta.

Í kafla 2.3 í tillögu að matsáætlun og í svörum framkvæmdaraðila við athugasemd Bjarna Harðarsonar er fjallað um aðra valkosti. Í kalfa 2.3 kemur fram að ekki verði lagður fram annar valkostur á staðsetningu námunnar en í matsvinnunni verði skoðaðir aðrir kostir varðanndi vinnslu námunnar, þ.á.m. afmörkun og vinnslutilhögun, með tilliti til umhverfisáhrifa. Skipulagsstofnun bendir á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu kom eftirfarandi fram um sjónræn áhrif 45.000 m³ efnistöku skv. 1. áfanga.:

"Skipulagsstofnun telur ljóst að helstu umhverfisáhrif fyrirhugaðar framkvæmdar skv. 1. áfanga séu sjónræns eðlis við tilflutning efnis niður fjallshlíðina. Skipulagsstofnun telur óumdeilt að tilfærsla efnis vegna efnistöku árið 2004 hefur sett mark sitt á áberandi hátt á suðurhlíð Ingólfsfjalls, ofan Þórustaðanámu, sem einkennist af dökkleitum klettabeltum. Skipulagsstofnun telur óheppilegt að ráðist hafi verið í þær framkvæmdir án þess að lögformleg umfjöllun um framkvæmdirnar og mat á áhrifum þeirra á umhverfið hafi farið fram. Stofnunin telur þó að í ljósi þess að umrædd ummerki um efnistilflutning í klettabelti fjallsins eru nú þegar fyrir hendi sé tilfærsla efnis skv. 1. áfanga ofan af brún fjallsins ekki líkleg til að hafa verulega neikvæð áhrif á ásýnd fjallsins umfram það sem orðið er. Að mati stofnunarinnar eru áhrif efnistilfærslunnar á ásýnd fjallshlíðarinnar að einhverju leyti afturkræf þar sem þau munu smám saman dvína þegar tilfærslu efnis skv. 1. áfanga verður hætt". Í ljósi ofangreinds þarf í matsskýrslu þurfi að fjalla um þann valkost að nýta einungis eystri rásina við tilfærslu efnis ofan af brún Ingólfsfjalls og bera saman við þann kost að nota báðar rásir og að gera grein fyrir niðurstöðum þess samanburðar með tilliti til umhverfisáhrifa, þ.á. m. sjónrænna áhrifa.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Sjónræn áhrif. Í köflum 4.2.2 og 4.5.1 í tillögu að matsáætlun og í svörum framkvæmdaraðila er fjallað um hvernig fyrirhugað sé að standa að mati á sjónrænum áhrifum námunnar. Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 29. ágúst sl. kemur fram að þegar skoðaðar verði breytingar á útliti fjallsins vegna efnistökkunnar verði litið til ásýndar fjallsins í heild sinni burtséð frá stjórnsýslumörkum. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í matsskýrslu verði sýnd ásýnd fjallsins á mismunandi tímabilum á rekstartíma eins og framkvæmdaraðili fyrirhugar og þá sérstaklega ásýndarbreytingar sem gera má ráð fyrir að verði á fjallshlíðinni vegna efnisfærslurása auk breytinga á brún fjallsins. Varðandi ásýndarbreytingar á brún fjallsins vegna efnistökkunnar telur Skipulagsstofnun að sýna þurfi myndrænt þann mun sem yrði á brúninni miðað við annars vegar að fyrirhuguð náma verði unnin niður á 40 m dýpi og hins vegar niður á 80 m dýpi.

Rykmengun. Í köflum 4.2.2 og 4.5.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um rykmengun og hugsanleg áhrif hennar. Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á fjalla þurfi í matsskýrslu um hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á fuglabjörg og gróður utan framkvæmdasvæðis vegna rykmengunar. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili telji að ekki sé hættu á því að rykmengun hafi umtalsverð áhrif á gróður eða fuglalíf. Með hliðsjón af fyrirhuguðu vinnslufyrirkomulagi, þar sem efni er ýtt ofan af brún Ingólfsfjalls og í ljósi efnismagns og þess tíma sem fyrirhuguð efnistaka mun standa yfir þarf í matsskýrslu að leggja rökstutt mat á áætlaða dreifingu ryks og hugsanleg áhrif rykmengunar á gróður og fugla á áhrifasvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar auk annarra áhrifa af völdum hennar. Í því sambandi þarf í matsskýrslu að gera grein fyrir gróðri og fuglalífi á því svæði sem áætlað sé að rykmengun nái til.

Neysluvatn-vöktun. Í kafla 4.3 í tillögu að matsáætlun sem ber heitið "Þættir sem ekki verða skoðaðir í matsskýrslu" er fjallað um neysluvatn og vatnsvernd. Í umsögnum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands hefur verið bent á upplýsingar sem þurfa að koma fram í matsskýrslu og að þrátt fyrir að fyrir liggi álit ÍSOR um hugsanlega neysluvatnsmengun af völdum fyrirhugaðrar framkvæmdar sé frekari rannsókn þörf. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er m.a. bent á að í áliti ÍSOR um hvort að námuvinnsla og efnistaka uppi á Ingólfsfjalli geti valdið mengun í vatnsbóli Selfoss komi fram að rennslis- og hitamælingar í 8 lindum á svæðinu hafi flestar verið gerðar á árunum 1977-1991. Jafnframt komi fram í álitinu að ýtuslóðinn upp hlíðar fjallsins í Djúpadal sé á kafla kominn alveg að, eða jafnvel inn fyrir þau mörk, sem kalla meg eðlilegt grannsvæði vatnsbólins. Skipulagsstofnun bendir auk þess á að fyrirhuguð er efnistaka til allt að 15 ára og á því tímabili verði allt að 2.000.000 m³ efnis ýtt ofan af brún Ingólfsfjalls. Í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eru 8 lindir sem sumar hverjar hafa verið nýttar sem vatnsból. Í ljósi þess sem rakið er hér að framan þarf í matsskýrslu að fjalla ítarlega um þau áhrif sem fyrirhuguð framkvæmd getur hugsanlega haft á neysluvatn, þ.á.m. verði birt kort sem sýnir grunnvatnsstrauma auk þess sem koma þurfa fram upplýsingar um núverandi ástand þeirra 8 lindasvæða/vatnsbóla sem getið er um í áliti ÍSOR. Í því sambandi þurfa í matsskýrslu að vera upplýsingar um framtíðaráform sveitarfélaganna á svæðinu um vatnsnýtingu, m.a. með tilliti til fyrrnefndra 8 linda/vatnsbóla. Einnig þarf í matsskýrslu að gera grein fyrir vöktun vatnsbóla/linda á rekstartíma efnisnámsins, sbr. tölulíð 3h í 18. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 671/2000. Gera þarf grein fyrir þeim þáttum sem fyrirhugað er að vakta, fyrirkomulagi vöktunar (t.d. tíðni mælinga) og hver eftirlitsaðili verður. Fyrirhuguð efnistaka er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Skipulagsstofnun telur, með hliðsjón af 30. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 671/2000, að með matsskýrslu þurfi að birta drög að starfsleyfi vegna efnisnámsins. Í drögunum komi fram hvaða kröfum, m.a. vöktun, rekstraraðila verði gert að hlíta.

Annað. Í tillögu að matsáætlun er ekki að finna upplýsingar um matsskyldu framkvæmdar skv. viðaukum í lögum um mat á umhverfisáhrifum sbr. tölul. 1c í 13. gr. reglugerðar nr. 671/2000. Í matsskýrslu þarf að koma fram að fyrirhuguð framkvæmd sé matsskyld skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 106/2000, sbr. a-lið 13. tölul. 2. viðauka, sbr. og 21. tölul. 1. viðauka laganna.

Póroddur F. Póroddsson

Jakob Gunnarsson

Afrit: Sveitarfélagið Ölfus, Sveitarfélagið Árborg, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Umhverfisstofnun, Fossvélar ehf., Magnús Ólason, Bjarni Harðarson, Guðmundur Kristinsson.